



FRÉTTATILKYNNING
FRÁ
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

FYRIRLESTRARÖÐIN NÝIR STRAUMAR

FYRIRLESTUR WALLACE S. BROECKER: GLÍMAN VIÐ LOFTSLAGSBREYTINGARNAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur ákveðið að beita sér fyrir að vísindamenn, fræðimenn og forystumenn í listum, menningu og alþjóðamálum heimsæki Ísland og haldi hér fyrirlestra. Samheiti fyrirlestraraðarinnar verður *Nýir straumar* og verða fyrirlestrarnir haldnir í samvinnu við ýmsar stofnanir og samtök.

Wallace S. Broecker, einn fremsti vísindamaður heims í rannsóknum á umhverfis- og loftslagsbreytingum jarðarinnar, flytur fyrsta fyrirlesturinn og er hann haldinn í samvinnu við Háskóla Íslands og Jarðvísindastofnun háskólans. Fyrirlesturinn heitir „Glíman við loftslagsbreytingarnar” (Taming the angry beast of climate change) og verður í Öskju, Náttúruvísindahúsi Háskóla Íslands, föstudaginn 13. janúar kl. 17.15 og er öllum opinn.

Wallace S. Broecker er prófessor í jarðefnafræði við Columbia háskólann í New York. Hann er sennilega þekktastur fyrir kenningar sínar um færibandakerfi hafstrauma úthafanna og áhrif þess á veðurfar. Broecker mun í heimsókn sinni til Íslands eiga fundi með íslenskum vísindamönnum og orkufyrirtækjum til að ræða loftslagsmál.

Í fyrirlestrinum fjallar Broecker um það hvernig mannkyn geti tekist á við hlýnun loftslags af völdum gróðurhúsaáhrifa og hvernig meta megi áhrif koltvíoxíðs í andrúmsloftinu. Orkunotkun mannkyns muni halda áfram að aukast og kol verði um langa framtíð algengasta orkuformið. Broecker telur að brottnám koltvíoxíðs úr andrúmslofti og binding þess djúpt í jörðu sé ein mikilvægasta leiðin til að takast á við loftslagsbreytingar.

11. janúar 2006

Nánari upplýsingar um fyrirlestur Wallace S. Broecker og heimsókn hans til Íslands veita Sigurður Reynir Gíslason vísindamaður við Háskóla Íslands (663 2255), Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor við Háskóla Íslands (896 5692) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028)